

S A M N I N G U R UM GAGNKVÆMA AÐSTOÐ VEGNA ÚTKALLA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., kt. 690500-2130, í samningi þessum nefnt, SHS, og Slökkvilið Akraness, kt. 410169-4449, í samningi þessum nefnt, SA, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Inntak samnings

SHS og SA hafa samvinnu um viðbragð við hvers konar slysum eða vá sem getur orðið í Hvalfjarðargöngum, þar sem slökkvilið er kallað til aðstoðar. Samningur þessi tekur einnig til gagnkvæmrar aðstoðar og samvinnu samningsaðila að öðru leyti, og gilda þá ákvæði þessa samnings um skiptingu kostnaðar, ábyrgðar o.fl.

2. gr.

Útkallssvæði

Aðilar líta svo á með samningi þessum að Hvalfjarðargöngin séu eitt útkallssvæði þrátt fyrir að skilgreind útkallssvæði SHS og SA teljist ná að miðju ganganna.

Þegar slys eða vá ber að höndum sbr. 1. gr. þá skulu bæði lið sinna útkalli vegna þess.

3. gr.

Stjórnun

Við útkall aðila vegna slyss eða vár í Hvalfjarðargöngum, þá skal SA fara með stjórnun aðgerða á vettvangi, nema SA kjósi að láta stjórn aðgerða til SHS telji SA það betur til þess fallið að fást við þá hættu og þær aðstæður sem skapast hafa á vettvangi.

Telji SA eða SHS rétt að óska eftir aðstoð gagnaðila samkvæmt þessum samningi, er það heimilt og skal þá fulltrúi móttakanda beiðinna gera eftirtaldar ráðstafanir:

- a. Leggja mat á, hvort hann sé aflögufær um tæki og mannafla til að verða við slíkri beiðni.
- b. Ákveða hvaða tæki og mannafla væri árangursríkast að nota.
- c. Afmarka nákvæmlega hvað gera þurfi til þess að báðir aðilar njóti árangurs samstarfsins sem best.

4. gr.

Kostnaður

Aðilar skulu hvor bera sinn kostnað vegna aðgerða á grundvelli samningsins.

Ef aðgerðir í Hvalfjarðargöngunum á grundvelli samningsins krefjast þess að kalla þurfi til tæki og/eða þjónustu sem hvorugur aðili hefur yfir að ráða, þá bera aðilar kostnað vegna þess til helminga. Fáist útlagður kostnaður samkv. framangreindu endurgreiddur að fullu eða hluta, þá skal hann endurgreiddur samningsaðilum í sömu hlutföllum.

Greiðsla á skaðabótum til 3ja aðila eða greiðslur vegna tjóns á eigin munum, tækjum eða starfsmönnum telst ekki til kostnaðar samkv. þessari grein.

[Handwritten signatures]

5. gr.
Ábyrgð

Aðilar bera sameiginlega ábyrgð á tjónum vegna aðgerða á grundvelli þessa samnings og telst útkallssvæði Hvalfjarðarganganna jafnframt vera eitt ábyrgðarsvæði slökkviliðanna SHS og SA.

Verði tjón á starfsmönnum, tækjum eða munum samningsaðila við aðgerðir á grundvelli þessa samnings skal hvor samningsaðili bera sitt tjón á grundvelli gildandi ábyrgðartryggingar samkvæmt gildandi tryggingaskilmálum.

Við tjón 3ja aðila, s.s. eignatjón, slys á mönnum eða andlát, vegna aðgerða á grundvelli þessa samnings skulu slökkviliðin SHS og SA bera ábyrgð á sínu starfsliði í starfi skv. gildandi ábyrgðartryggingu og greiða 3ja aðila bætur á grunvelli gildandi trygginga.

6. gr.
Eldvarnareftirlit

Allt viðhald tækjabúnaðar í Hvalfjarðargöngunum vegna öryggismála er á hendi Spalar ehf. og fer slíkt viðhald fram samkvæmt viðhaldsáætlun fyrirtækisins. Ber Spölur ehf. ábyrgð á innra eldvarnareftirliti og skal slíkt reglubundið efirlit vera skjalfest.

SHS ber ábyrgð á öllu eldvarnareftirliti í göngunum fyrir hönd beggja slökkviliðanna, SA og SHS, samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75 frá árinu 2000. SHS og Spölur ehf. skulu hafa samvinnu við eldvarnareftirlit SHS um endurskoðun á viðhalds- og efirlitsáætlun fyrirtækisins.

7. gr.
Samstarfsreglur

Aðilar samningsins skulu í sameiningu vinna að gerð áætlana og samstarfsreglna, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning. Slíkar áætlanir og samstarfsreglur taka gildi milli aðila jafnskjótt og þær hafa verið undirritaðar. Þá mun Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins b.s. aðstoða Slökkvilið Akraness við æfingar liðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi sem liðin munu gera sín á milli um það.

8. gr.
Gildistaka o.fl.


Samningur þessi tekur gildi á þeim degi er hann hlýtur staðfestingu beggja stjórna slökkviliðanna og skal gilda að fullu þar til samningsaðilar komast að samkomulagi um að fella hann úr gildi. Samningsaðilum er þó ávallt heimilt að segja samningnum upp einhliða með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara miðað við áramót. Það er gildisskilyrði þessa samnings að Brunamálastjóri veiti samþykki sitt fyrir honum og áriti hann fyrir samþykki sínu.

Samningurinn er gerður í fjórum eintökum og eru þau undirrituð af samningsaðilum, Speli ehf. og Brunamálastofnun.


Vestari munni Hvalfjarðarganga er í Innri Akraneshreppi, en SA sinnir þar brunavörnum samkv. sérstökum samningi við sveitarfélagið. Samkomulag þetta er í samræmi við samning Akraneskaupstaðar og Innri Akraneshrepps og gerður með samþykki hreppsins. Falli sá samningur niður færast samningsskyldur þessa samnings yfir á hreppsnefnd Innri Akraneshrepps.

Akranesi, 8. mars 2004.


Með fyrirvara um samþykki
stjórnar SHS:



Hrólfur Jónssón, slökkviliðsstjóri,
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins




Gísli Gíslason, bæjarstjóri
f.h. Akraneskaupstaðar




Guðlaugur Þórðarsón, slökkviliðsstjóri,
f.h. Slökkviliðs Akraness

F.h. Brunamálastofnumar



Björn Karlsson
Brunamálastjóri

Samþykki Spalar ehf.



Stefán Reynir Kfistinsson, framkvæmdastjóri
f.h. Spalar ehf.

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila: